

Námsvísir 2023-2024

3. bekkur

Námshgrein: Íslenska

Kennari: Anna Margrét og Ásdís



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
- endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið (s.s. eftirminnilegum atburði, ákveðnu fyrirbæri, upplestur, leikið efni, ljóð eða söngva)
- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- beitt bókmenntahugtökum (s.s. persónu, söguþræði, umhverfi, tíma og boðskap)
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni (s.s. einföldum skýringarmyndum, söguveg, hugtakakortum og venn-kortum)
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi
- skrifað skýrt og læsilega
- nýtt grunnþætti í uppbyggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- samið fjölbreyttan texta frá eigin brjósti (s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð)
- beitt einföldum stafsetningarreglum
- fundið kyn, tölu og stig
- þekkt í sundur nafnorð, lýsingarorð og sagnorð
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum

Kennsluáferð / vinnulag

Unnið er að miklu leyti eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem ákveðinn gæðatexta er lagður til grundvallar. Kennari les fyrir nemendur. Unnið er með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Mikið unnið í hringekju og á vinnusvæðum.

Námsmat

Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí (hraðapróf, orðleysulestur, sjónrænn orðaforði). Orðarún lögð fyrir í nóvember og maí (lesskilningspróf). Vinna og virkni í tímum metin.

Leiðsagnarnám. Heimalestur metinn eftir fjölda skipta sem lesinn er yfir skólaárið.

Námshöggn

Mismunandi gæðatexti (skáldsögur, þjóðsögur, ljóð og fræðigreinar)

Hinar ýmsu verkefnabækur (Lestrarlandið, Lesrún, Ritrún, Ás, Tvistur, Þristur)

Skriftarbók

Verkefna- og úrklippubók

Sögubók

Ljósrituð verkefni